

## Úthlutunarreglur Fag og fræðslusjóðs Þroskaþjálfafélags Íslands

### 1.gr.

Fag og fræðslusjóður Þroskaþjálfafélags Íslands er ætlaður til rannsókna/ þróunarstarfa.

### 2.gr.

Aðild að sjóðnum eiga félagsmenn í Þroskaþjálfafélagi Íslands.

### 3.gr.

Umsóknum skal skilað til skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu afgreiddar innan tveggja mánaða. Styrkþegi skal vitja styrk síns innan 6 mánaða frá þeirri dagsetningu sem honum er tilkynnt um styrkúthlutun.

### 4.gr.

Með umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja: lýsing á rannsókn//þróunarstarfi rannsóknaráætlun áætlaður kostnaður samstarfsaðilar upplýsingar um rannsóknir á sama sviði aðrir styrkir eða laun upphæð styrks sem sótt er um.

### 5. gr.

Stjórn Fag og fræðslusjóðs Þroskaþjálfafélags Íslands fjallar um og afgreiðir umsóknir. Umsóknum skal svarað skriflega.

### 6.gr.

Styrkþegar skulu vitja greiðslunnar innan 6 mánaða frá styrkveitingu.

### 7.gr.

Styrkþegar rannsókna og eða þróunarverkefna skulu kynna niðurstöður rannsókna sinna eða drög að niðurstöðum, fyrir öðrum félagsmönnum svo sem í formi fyrirlestra eða skýrslu innan tveggja ára frá úthlutun.

### 8.gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að endurskoða starfsreglur ár hvert. Nýjar reglur skulu kynntar á aðalfundi að undanfarinni samþykkt sjóðsstjórnar og stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands.

### 9.gr.

Greiðslu til styrkhafa er skipt í tvennt þ.e. helmingur styrks greiðist strax og umsókn hefur verið samþykkt og seinni hluti eftir að styrkhafi hefur kynnt verkefnið.